

Ef veittur hefur verið styrkur til atvinnusköpunar á viðkomandi lögbýli á síðastliðnum 7 árum gildir eftirfarandi:

A) Ef sótt er um styrk til sömu starfsemi á býlinu og áður hefur verið veittur styrkur til, þ.e. til frekari uppbyggingar eða viðbótar getur FL veitt 25% af fullum styrk að 4 árum liðnum, 50% að 5 árum liðnum, 75% að 6 árum liðnum.

B) Ef sótt er um til nýs verkefnis á býlinu, sem heyrir undir aðra atvinnugrein og hefur lítil tengsl við verkefnið sem áður var styrkt, getur FL veitt fullan styrk að 4 árum liðnum, en 50% af fullum styrk að 3 árum liðnum.

Hafi orðið sannanleg* ábúendaskipti á viðkomandi bújörð frá því að fyrri styrkur var veittur gilda eftirfarandi reglur:

A) Ef nýr ábúandi** sækir til sömu starfsemi á bújörðinni og eldri styrkur rann til, þ.e. til frekari uppbyggingar eða viðbótar á hann endurnýjaðan fullan rétt að 7 árum liðnum, en öðlast rétt til 25% af fullum styrk að 4 árum liðnum, 50% að 5 árum liðnum, 75% að 6 árum liðnum.

B) Ef nýr ábúandi** sækir til nýs verkefnis á bújörðinni, sem heyrir undir aðra atvinnugrein og hefur lítil tengsl við verkefnið sem áður var styrkt, á hann endurnýjaðan fullan rétt að einu ári liðnu frá fyrri styrkveitingu.

Ef einstaklingar stofna til verkefna á fleiri en einu lögbýli á 7 ára tímabili, þ.e. senda inn fleiri en eina umsókn á tímabilinu þar sem hver umsókn varðar einstakt býli, áskilur Framleiðnisjóður sér rétt til að skoða hvert slíkt mál sérstaklega með tilliti til sanngirnissjónarmiða.

Umsóknir frá umsækjendum á bújörðum sem áður hafa hlotið styrki úr sjóðnum eru að öllu öðru leyti metnar með sama verklagi og á sama samkeppnisgrunni og aðrar umsóknir í málaflökki B.

* Sýnt skal fram á ábúendaskipti með afriti af kaupsamningi eða leigusamningi eða með öðrum hætti sem sjóðurinn viðurkennir. Umsækjandi skal hafa lögheimili á viðkomandi býli.

** Hlutafélög eða aðrir sjálfstæðir lögaðilar (sameignarfélög, samvinnufélög, o.s.frv.) í meirihlutaeigu ábúenda geta ekki talist nýr umsækjandi, ef ábúandi hefur áður hlotið styrk í eigin nafni.